

HÚSAFRÍÐUNARNEFND ÁRSSKÝRSLA



2006

Skýrsla um starf Húsafriðunarnefndar og yfirlit yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd í júlí 2007

Mynd á forsíðu:
Ólafsdalur, Búnaðarskólahúsið. Magnús Skúlason arkitekt © Húsafriðunarnefnd
Aðrar myndir: Magnús Skúlason arkitekt, © Húsafriðunarnefnd 2006 og 2007

Töflur, línurit og umbrot:
Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt

*Öll réttindi áskilin.
Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið*

Ávarp

Það er kunnara en frá þurfi að segja að borg eða bær er annað og meira en samsetning ólíkra þátta sem lúta að tækni og efnahag. Fyrir sjónhaga, að ekki sé minnst á sjáendur, er hún margbrotin samstæða forms, stærða og lita sem jafna má til listaverks þegar best lætur. Hún á það til að taka á sig ótal myndir, allt eftir dagsbirtu og árstíð, og höfðar með því móti fremur til fegurðarskyns en mælikvarða afkasta og framleiðslu. En hún er sjaldnast í kyrrstöðu. Því meir sem þenslan eykst, þeim mun örari vilja breytingarnar verða. Því er að þessu vikið að ein vanhugsuð breyting getur hæglega spilt svipmóti borgar, svo að seint verður endurbætt, enda er löngu viðurkennt meðal siðmenntaðra þjóða að í skipulagi gróinna borgarhluta sé farsælla að flýta sér hægt og hrapa ekki að þeim ákvörðunum sem að sönnu eru óafturkræfar.


Flestum mannum er það eðlislægt að vilja öðlast skyn á tilvist sína, andlega sem veraldlega, kunna skil á því sem hann hefur hlotið í arf og þekkja umhverfi sitt, hvort sem það er í stóru eða smáu. Á tímum sem þessum, þegar uppgripagróði er á flestum sviðum, verður sú vísa seint of oft kveðin að óháð efnahag á sérhver einstaklingur kröfu til umhverfis síns, ekki einungis hinnar efnislegu umgerðar, heldur og sögu þess og listar.

Um langt árabíl hafa svokallaðar húsakannanir verið eitt helsta tæki þeirra, sem séð hafa sér hag í því að leggja mat á hið byggða umhverfi, jafnt einstakar byggingar sem húsasamstæður, götummyndir og byggðamynstur að ógleymdri samverkan byggðar og náttúru. Húsafriðunarnefnd hefur beitt sér fyrir gerð húsakannana á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, ýmist með beinum málflutningi, faglegri ráðgjöf eða styrkveitingum úr húsafriðunarsjóði. Í því sambandi hefur nefndin lagt ríka áherslu á þrennt, að við vinnuna sé beitt samræmdum aðferðum sem auðvelda

innbyrðis samanburð, að niðurstöðurnar séu endurskoðaðar með reglulegu millibili og kannanirnar séu unnar af hlutlausum aðilum án íhlutunar hagsmunaaðila.

Fyrir rúmum áratug gaf húsafriðunarnefnd út leiðbeiningarrit um gerð bæja- og húsakannana með fyrirmynd í dönsku SAVE-aðferðinni (Survey of Architectural Values in the Environment) þar sem varðveislugildi bygginga er metið með hliðsjón af byggingarlistarlegu gildi, menningarsögu, upphaflegri gerð og umhverfi. Leggur nefndin ríkt á um að þessari aðferð sé beitt þegar metið er og skráð varðveislugildi gamallar byggðar og einstakra bygginga. Þá er þess einnig að geta að húsafriðunarnefnd byggir tillögur sínar um friðun húsa allajafna á niðurstöðum vandaðra húsakannana, auk þess sem hún tekur af þeim mið við styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði. Innan tíðar er von á nýrri og endurbættri útgáfu þessara leiðbeininga sem nefndin vonar að gagnist eftir sem áður þeim er vinna að skipulagsmálum á vegum sveitarfélaga og ráðgjöfum sem ráðnir eru til verksins.

Nauðsyn þess að gætt sé fyllstu hlutlægni við mat á varðveislugildi húsa verður seint nægjanlega ítrekuð. Og annað hitt, að því afdráttarlausara sem matið er, þeim mun líklegra er það til árangurs. Því miður eru dæmi þess að öfl, sem ekki er tamt að setja húsvernd á oddinn, reynist fundvís á veilur í röksemdafærslu eða orðalagi og heimili sjálfum sér á þeirri forsendu óheppilega útidúra sem enginn sá fyrir. Þegar þannig viður getur verið hollt að minnast þeirra sannmæla að allt sem er umfram já eða nei er af hinu vonda.



Húsafriðunarnefnd

Í Húsafriðunarnefnd eiga sæti:

Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt, sem er formaður nefndarinnar,

Pétur H. Ármannsson, arkitekt, sem er varaformaður,

Einar Njálsson,

Guðmudur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og

Nikulás Úlfar Másson arkitekt.

Varamenn eru þau:

Gylfi Guðjónsson, arkitekt,

Ingunn Guðmundsdóttir,

Júlíana Gottskálksdóttir, arkitekt,

Guðrún M Kristinsdóttir, forstöðumaður Minjasafns Akureyrar og

Lýður Pálsson, safnstjóri.

Þjóðminjavörður hefur seturétt á fundum nefndarinnar.



Naustið í Reykjavík (1885-1903)

Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarnefnd stjórnar Húsafriðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafriðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingarafi og útgáfu rita þar að lútandi.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr Húsafriðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn nr. 479 frá 30. nóvember 1993.

Umsóknir til sjóðsins þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert.

Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Starfsmenn Húsafriðunarnefndar

Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar

Magnús Skúlason arkitekt, magnus@husafriidun.is

Aðstoðarmaður forstöðumanns

Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt, ragnar@husafriidun.is

Í sérverkefnum

Jón Pálsson arkitekt, jon@husafriidun.is

Húsaafn Þjóðminjasafns Íslands

Einar S. Hjartarson húsasmiður, einar@husafriidun.is

Bókari

Guðlaug Vilbogadóttir gulla@husafriidun.is

Starfssvið Húsafriðunarnefndar

Húsafriðunarnefnd starfar samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og húsafriðunarreglugerð. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Hlutverk Húsafriðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald eða endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna húsafriðunarsjóði og veita úr honum styrkjum samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir öll friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannanna og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

Nánari útlitun á ofangreindum atriðum er að finna í ritinu *Stefnuskrá Húsafriðunarnefndar 2002*. Sjá heimasíðu Húsafriðunarnefndar: husafriidun.is.

Starfsemi 2006



Alliance-húsið á Grandagarði í Reykjavík (1925)



Alliance-húsið á Grandagarði að innan

Húsafríðunarnefnd hélt 8 fundi á árinu 2006, þar sem fjallað var um erindi sem bárust nefndinni og lutu að framkvæmdum við friðuð hús eða önnur hús sem að mati nefndarinnar hafa listrænt og menningarsögulegt gildi. Þá fjallaði hún einnig um innra starf nefndarinnar, byggingarsögulegar rannsóknir, sem unnar eru á vegum nefndarinnar, og útgáfu rita um þær, að ógleymdum styrkveitingum úr húsafríðunarsjóði. Nefndin hélt uppteknum hætti og fór í árlega eftirlitsferð um landið, að þessu sinni um Vesturland.

Nefndin kynnti sér Aðalskipulag Þingeyjarsveitar, einkum þann þátt þess sem lýtur að friðuðum og varðveisluverðum húsum. Þá kynnti nefndin sér rækilega áætlanir Þjóðminjasafns Íslands um viðgerð gamalla húsa á Núpsstöðum og ekki síður hugmyndir um bættu aðstöðu ferðamanna á staðnum. Nefndin hélt áfram afskiptum sínum af skipulagi, uppbyggingu og umbótum við Laugaveg. Fagnaði nefndin áformum um verndun á um fimmta tug merkra bygginga frá ólíkum tímaseiðum við Laugaveg og Bankastræti, en lýsti áhyggjum af framtíð þeirra húsa við Laugaveg, sem byggð eru fyrir 1918 og heimild er fyrir að víki samkvæmt deiliskipulagi. Mæltist nefndin til að varðveislugildi þeirra húsa yrði kannað nánar sem og möguleikar á framtíðarnýtingu þeirra í tengslum við nýja uppbyggingu. Að því er varðar húsakannanir almennt, en á árinu fékk nefndin til umsagnar könnun á Njálsgötureit, ítrekaði nefndin þau tilmæli sín að höfundar beiti í könnunum af þessu tagi aðferðum sem lýst er í leiðbeiningarriti Húsafríðunarnefndar.

Þá kynnti nefndin sér tillögur um flutning húsa Árbæjarsafns í Viðey og ályktaði að þörf væri á

yfirvegaðri umræðu um málið sem kallað gæti á endurskoðun minjavörslu, húsverndar og safnastarfs í Reykjavík. Nýlega úttekt á Valhöll á Þingvöllum, sem unnin var að beiðni forsætisráðherra, tók nefndin til skoðunar og lýsti sig sammála niðurstöðu hennar um varðveislunni á framhúsinu sem er elsti hluti byggingarsamstæðunnar.

Húsafríðunarnefnd fjallaði á alls fimm fundum sínum um Alliance-húsið á Grandagarði í Reykjavík og varðveislunni þess, kynnti sér ástand þess og nýtingarmöguleika, hélt fund með höfundum skipulags Mýrargötu og slippasvæðis og ræddi við eigendur hússins og borgaryfirvöld. Eftir ítarlega umfjöllum samþykkti nefndin að leggja til við menntamálaráðherra að húsið yrði friðað. Þá gerði nefndin nokkrar alvarlegar athugasemdir við skipulag á Slippareit, m.a. tillögur um vegstokk undir Mýrargötu og byggðamynstur á reitnum, auk þess sem nefndin lagði til að varðveitt yrði ein dráttarbraut í Danielsslipp og verbúðirnar við Geirsgötu. Ennfremur fól nefndin forstöðumanni undirbúning að friðun verbúðanna við Grandagarð sem áhugaverðu dæmi um iðnaðararkitektúr í anda funksjónalisma.

Af friðuðum húsum, sem nefndin hafði afskipti af á árinu, skulu nefnd þau helstu: Landakirkja í Vestmannaeyjum, Eskifjarðarkirkja hin gamla, Viðeyjarstofa, Akraneskirkja, Fríkirkjan í Reykjavík, Þjóðleikhúsið, Laugavegur 1 og Aðalstræti 10 í Reykjavík.

Auk þess fjallaði nefndin á árinu um mörg markverð hús sem ekki njóta friðunar. Hér gefst ekki rúm til að tíunda þau öll, einungis minnst á fá þeirra: Brattahlíð í Svartárdal, hús Flugskóla Helga Jónssonar á Reykjavíkurflogvelli, klukkuturn


í Görðum á Akranesi, steinbærinn Brenna við Bergstaðastræti, Vesturgata 16b í Reykjavík, hús Benedikts Gröndal, Naustið, kvennaskólinn á Blönduósi og gamli barnaskólinn á Hólmavík. Til að tryggja varðveislu þess síðastnefnda beitti nefndin skyndifriðun, en skólahúsið er teiknað af Rögnavaldi Ólafssyni húsameistara ríkisins, byggt 1913 og metið með mest varðveislugildi allra húsa á Hólmavík í húsakönnun sem gerð var 1999. Áður en skyndifriðun lauk friðaði menntamálaráðherra húsið að fengnum tillögum nefndarinnar.

Á árinu gerði Þjóðminjasafn Íslands þjónustusamning við Húsafriðunarnefnd um viðgerðir og eftirlit með viðhaldi húsa í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Er tilgangur samningsins að tryggja sem best varðveislu húsanna ásamt umhverfi þeirra með samvinnu beggja stofnana. Samkvæmt samningnum felst hlutverk nefndarinnar í því m.a. að meta viðgerðarþörf einstakra húsa, gera verk- og kostnaðaráætlanir, hafa umsjón með hönnun og framkvæmdum og sinna faglegu eftirliti. Nefndin réð Einar Skúla Hjartarson húsasmíðameistara til að sinna þessu nýja hlutverki, en Einar hefur áralanga reynslu af endurgerð gamalla húsa.

Auk þeirra húsa, sem þegar er getið, Alliance-hússins og gamla barnaskólans á Hólmavík, fól nefndin á árinu forstöðumanni að hefja undirbúning að friðun eftirtalinna húsa: Lindargata 51, Ingólfsstræti 21, Landsspítalinn, Gamla bíó, Laugavegur 34 og 36, Tjarnargata 34, Freyjugata 46, Ásvallagata 67, Dyngjuvegur 8, Tómasarhagi 31, Sólheimar 5, Lindargata 7, Sjómannaskólinn, Hamrahlíðarskólinn og verkamannabústaðirnir við Hringbraut, báðir áfangar, öll í Reykjavík; auk þess Gljúfrasteinn í Mosfellssveit og Skriðuklaustur á Héraði. Eigendur hússins Fjölnisvegur 7 báðust undan friðun, þegar eftir því var leitað, hið sama gerðu forráðamenn Hallgrímskirkju í Saurbæ. Mun nefndin aldrei hafa gert jafnmargar tillögur um friðun húsa á einu og sama ári.

Útgáfustarfsemi

Á árinu komu út tvö ný bindi í ritröðinni Kirkjur Íslands. Fjalla þau um friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi ásamt gripum og minningarmörkum. Höfundar eru Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðrún Harðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Gunnar Bollason, Hjörleifur Stefánsson, Jón Jónsson, Unnar Ingvarsson, Þorgeir Jónsson, Þorsteinn Gunnarsson, Þór Hjaltalín og Þór Magnússon. Ljósmyndir eru eftir þá Guðmund



Ingólfsson, Ímynd, og Ívar Brynjólfsson, ljósmyndara Þjóðminjasafns. Ritstjórar eru þeir Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson.

Nefndin lét gera sýningu úr efni bindanna tveggja sem sett var upp í nýju þjónustu- og safnaðarheimili á Þingeyrum. Þorsteinn Gunnarsson, formaður Húsafriðunarnefndar, opnaði sýninguna að viðstöddu fjölmenni sunnudaginn 30. júlí og hafði nokkur orð um vinnuna við ritverkið. Að því loknu flutti Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, erindi um kirkjugripi í Húnavatnsprófastsdæmi og Guðrún Jónsdóttir, arkitekt hins nýja húss, lýsti byggingu þess og veitti gestum leiðsögu um kirkjuna.

Í árslok 2006 sagði Fornleifavernd ríkisins upp samstarfssamningi vegna útgáfu ritraðarinnar Kirkjur Íslands af óviðráðanlegum ástæðum. Fulltrúar þeirra þriggja stofnana, sem hrundu verkefninu af stað og sæti eiga í ritnefnd þess, staðfestu riftun samningsins um leið og þeir hörmuðu ákvörðun Fornleifaverndar. Er að því stefnt að gengið verði frá nýjum samstarfssamningi strax á nýju ári.

Þrátt fyrir þetta er ekkert lát á útgáfunni og er áætlað að gefa út fjögur ný bindi á árinu 2007, tvö um kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi og önnur tvö um Kjalarnesprófastsdæmi.

Í flokki leiðbeiningarrita um varðveislu, viðgerðir og endurbætur gamalla húsa var á árinu gefin út ný útgáfa af riti um útveggi, grind og klæðningu. Þá er unnið að undirbúningi rits um hefilstrik, lista og innri klæðningar og endurbættri útgáfu af Skrá yfir friðuð hús sem Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt tók saman fyrir nefndina og út var gefin árið 2000. Sömuleiðis er í bígerð að gefa út í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands rit um viðhald torfhúsa.

Á árinu gerði nefndin samning við Guðmund L. Hasteinsson um endurskoðun leiðbeiningarits um gerð bæja- og húsakannana og stoðrita með því.



Sveinatunga í Borgarfirði (1895)

Dagana 17. – 19. júlí fór Húsafríðunarnefnd í ferð um Vesturland, hitti menn að máli, skoðaði hús og önnur mannvirki og kynnti sér framkvæmdir sem nefndin hefur styrkt.

Borgarkirkja á Mýrum var skoðuð í fylgd Einars Óskarssonar sóknarnefndarformanns og Stefáns Ólafssonar smíðs. Að því búnu sýndi sá síðarnefndi nefndinni Galtarholtshús sem hann flutti og endurbyggði til sumargistingar við Langá. Á Hvanneyri skoðaði nefndin kirkju, skólástjórabústað og íþróttahús, í Reykholti báðar kirkjurnar í fylgd Dagnýjar Waage. Þaðan lá leiðin fyrst í Hjarðarholt og síðan í Stafholt þar sem séra Brynjólfur Gíslason veitti leiðsögn um kirkjuna. Síðustu viðkomustaðir í Borgarfirði voru Sveinatunga, þar sem elsta mótasteypta hús landsins var leitt augum, og Hvammur í Norðurárdal, þar sem Sverrir Guðmundsson, formaður sóknarnefndar, sýndi kirkjuna. Á Eiríksstöðum skoðaði nefndin tilgátuhús þeirra Stefáns Arnar Stefánssonar og Grétars Markússonar arkitekta og hafði síðan viðdvöl í Hjarðarholti í Dölum þar sem unnið er að miklum endurbótum á næsta nágrenni kirkjunnar; gerði nefndin athugasemd við umfangsmikinn flóðlýsingarbúnað sem fór kirkjunni miður vel. Búnaðarskólahúsið í Ólafsdal var aðgætt að utan og innan. Síðan gerði nefndin úttekt á Staðarkirkju í Reykhólasveit að viðstöddum þeim Magnúsi A. Sigurðarsyni minjaverði og Eiríki Snæbjörnssyni, bónda á Stað, er einnig sýndi tóftir af hlöðu og hesthúsi, sem til stendur að endurbyggja, og gamalt brunnhús í túnjaðri. Gamall torfbær á Börmum, nú notaður til sumardvalar, var skoðaður, einnig Staðarhólskirkja í Saurbæ og Skarðskirkja á Skarðsströnd, sú síðarnefnda í fylgd Jóns Gunnars Jónssonar,



Hjarðarholtskirkja í Dölum (1904)

Skarði, og ennfremur kirkjurnar á Staðarfelli, Hvammi í Dölum og Snóksdal, þar sem nefndin naut fylgdar séra Óskars Inga Ingasonar. Nefndin sigldi út í Brokey og skoðaði þar fiskbyrgi frá 18. öld, hafði síðan drjúga viðdvöl í Stykkishólmi þar sem mörg velhirt timburhús prýða gamla hluta bæjarins. Þar voru eftirtalin hús yfirlitin: Gamla Stykkishólmskirkja, Frúarhús, Clausenshús, Sæmundarþakkhús, Knúdsenshús, Kúldshús, Prestshús og Norska húsið, mörg þeirra í fylgd Rakelar Olsen, athafnakonu í Stykkishólmi og húsverndarsinna. Hildibrandur Bjarnason sýndi nefndinni kirkjuna í Bjarnarhöfn og séra Elínborg Sturludóttir kirkjurnar á Setbergi og í Grundarfirði. Í Ólafsvík skoðaði nefndin gamla þakkhúsið að utan og innan og leit síðan bæði á Jónshús og Kaldalæk. Nefndin staldraði við á Ingjaldshóli þar sem Sigrún Jónína Baldursdóttir sóknarnefndarformaður og Herbert Halldórsson smíður sýndu kirkjuna og nýtt safnaðarheimili sem tengt er kirkjunni neðanjarðar. Á Arnarstapa veitti Guðrún Gunnarsdóttir leiðsögu um amtmannshúsið, þangað flutt og endurbætt, og á Búðum skoðaði nefndin kirkjuna í fylgd Sigrúnar H. Guðmundsdóttur, formanns sóknarnefndar.




*Að ofan: Reykholtskirkja hin eldri í Reykholtsdal, (1886-1887)
Að neðan: Gljúfrasteinn (1945)*





*Að ofan: Staðarkirkja í Reykhólasveit (1894),
Að neðan: Gamall torfbær að Börmum*





Nesstofa á Seltjarnarnesi (1763). ÞG 1979

Ráðgjöf og fræðsla

Húsafríðunarnefnd annast ekki hönnun endurbygginga gamla húsa en gefur út leiðbeiningarrit um gamalt handverk og viðgerðir sem seld eru við vægu verði. Eru í þeirri ritröð þegar komin út 6 bindi. Forstöðumaður nefndarinnar veitir einnig faglega ráðgjöf um viðhald og endurbætur, ýmist á skrifstofu nefndarinnar að Suðurgötu 39, Reykjavík, eða á vettvangi, auk þess sem hann vinnur ótullega að því að glæða áhuga arkitekta á hönnun endurbygginga. Þá heldur nefndin námskeið fyrir iðnaðarmenn í samvinnu við ýmsa aðila, m.a. Menntafélag byggingariðnaðarins, þar sem Magnús Skúlason, forstöðumaður nefndarinnar, hefur haldið reglulega fyrirlestra með skýringarmyndum. Einnig hefur hann haldið fyrirlestra í Iðnskólanum í Reykjavík fyrir tækniteknara og í Hólaskóla fyrir staðarverði.

Í tengslum við endurreisn Nesstofu, sem unnið er að á vegum Þjóðminjasafns Íslands, var á árinu haldið námskeið í samvinnu við Múrarameistarafélag Reykjavíkur um gamalt múrverk þar sem notast er við blautleskjað kalk til steinlímingar. Danski múrarameistari Hannes Danry, sem áður hefur unnið að endurreisn Hóladómkirkju, Viðeyjarstofu og Bessastaðastofu, veitti leiðsögn í kalklímri veggjagerð, ýmist úr tilhöggnu holtgrjóti eða múrsteini, múrhúðun veggja með kalkmúr og kalkkústun veggja. Var námskeiðið vel sótt og unnu lærisveinar Hans áfram að endurbótum í Nesi þegar hann hélt af landi brott.

Byggingarsögulegar rannsóknir

Á árinu var unnið áfram að byggingarsögulegum rannsóknum á friðuðum kirkjum í samræmi við stefnuskrá Húsafríðunarnefndar. Rannsóknir þessar eru tvíþættar, annars vegar er um að ræða uppmælingar kirkna, gerðar á vettvangi, hins vegar uppskriftir á vísitásum prófastea og biskupa, varðveittum á Þjóðskjalasafni Íslands. Áætlað er að þessum rannsóknum ljúki 2007.

Skráningarmál

Húsafríðunarnefnd setti sér það takmark árið 1996 að láta taka saman ítarlegar lýsingar á öllum friðuðum mannvirkjum þar sem öllum staðreyndum, sem þau vörðuðu, yrði haldið til haga. Yrðu þar tíundaðir meginþættir hvers mannvirkis og gert grein fyrir á hvaða rökum friðunin byggir og hversu umfangsmikil hún væri. Þá skyldi lýsingunni fylgja mat nefndarinnar á hvaða byggingarhlutum mætti alls ekki breyta, helst ekki breyta eða gjarnan breyta og hvaða hlutar byggingarinnar mættu vera á hvorn veginn sem væri.


Nefndin réð Guðmund L. Hafsteinsson arkitekt til að semja lýsingar þessar og búa þær undir prentun. Áætlað er að skráningunni ljúki 2007.

Auk þess sem að ofan getur heldur Húsafríðunarnefnd skrá yfir friðuð hús og önnur varðveisluverð hús, sem hlotið hafa styrk úr húsafríðunarsjóði, með upplýsingum úr viðurkenndri húsakönnun um listrænt og menningarsögulegt gildi þeirra og varðveislumat. Skráin geymir nú upplýsingar um styrkveitingar úr húsafríðunarsjóði frá 2006 aftur til ársins 2000, en unnið er að skráningu styrkja frá árabílinu 2000-1994 og er áætlað að henni ljúki 2007. Umsjón með því verki hefur Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt og starfsmaður Húsafríðunarnefndar. Er það takmark nefndarinnar að senn geymi skráin upplýsingar um styrkveitingar allt frá því er húsafríðunarsjóður tók til starfa 1975 svo að unnt verði að styðjast við skrána þegar veitt er úr sjóðnum framvegis.

Styrkir 2006

Styrkumsóknir 2006 voru alls 232 en styrkveitingar 214. Styrkir námu samtals 177.150 þús. kr.

Feitletraðar styrkir eru samkvæmt ákvörðum Fjárlaganefndar.



Fjöldi styrkja (sýndir sem stólparit) og fjöldi styrkumsókna (sýndar sem línurit). Heimild: Húsafríðunarnefnd 2007.

SAMTÖLUR

| | Umsóknir | Styrkir | Upphæð |
|----------------------------|------------|------------|----------------|
| FRÍÐUÐ HÚS: | 25 | 24 | 31.100 |
| FRÍÐAÐAR KIRKJUR: | 32 | 32 | 25.050 |
| HÚS Á SAFNASVÆÐUM: | 9 | 9 | 9.950 |
| RANNSÓKNARVERKEFNI: | 4 | 4 | 700 |
| HÚSAKANNANIR: | 3 | 3 | 1.750 |
| ÖNNUR VERKEFNI: Reykjanes | 12 | 11 | 8.600 |
| ÖNNUR VERKEFNI: Reykjavík | 38 | 33 | 7.225 |
| ÖNNUR VERKEFNI: Vesturland | 12 | 11 | 12.650 |
| ÖNNUR VERKEFNI: Vestfirðir | 25 | 21 | 35.300 |
| ÖNNUR VERKEFNI: Norðurland | 30 | 26 | 15.950 |
| ÖNNUR VERKEFNI: Austurland | 20 | 19 | 12.600 |
| ÖNNUR VERKEFNI : Suðurland | 22 | 21 | 16.275 |
| TOTALT | 232 | 214 | 177.150 |

FRÍÐUÐ HÚS

| | | |
|--------------------------------------|-----------|--------------|
| Gudmanns Mínde, Akureyri | 1835 | 5.000 |
| Gamla apótekið, Akureyri | 1859 | 500 |
| Friðbjarnarhús, Akureyri | 1856 | 4.000 |
| Aðalstræti 54 A, Nonnahús, Akureyri | 1849 | 200 |
| Bjarkarstígur 6, Daviðshús, Akureyri | 1944 | 500 |
| Efstasund 99, Reykjavík | 1825-1951 | 600 |
| Eyrarlandsvegur 3, Sigurhæðir | 1903 | 750 |

| | | |
|--------------------------------------|-----------|---------------|
| Faktorshúsið á Djúpavogi | 1848 | 4.000 |
| Gamla salthúsið á Þingeyri | 1787 | 4.000 |
| Gamla Syðstabæjarhús í Hrísey | 1886 | 5.000 |
| Grettisgata 11 | 1907-1908 | 250 |
| Grímshjallur í Brokey | 18.öld | 200 |
| Hafnarstræti 11, Laxdalshús | 1795 | 500 |
| Hafnarstræti 1-3, Reykjavík | 1868 | 450 |
| Höepfnershús, Akureyri | 1911 | 300 |
| Hafnarstræti 57, Samkomuhúsið | 1906-1907 | 1800 |
| Hofsstofa á Hofi í Hörgárdal | 1828 | 300 |
| Klausturhólar í Flatey á Breiðafirði | 1901 | 300 |
| Laugavegur 2, Reykjavík | 1887 | 750 |
| Skólahús í Múlakoti á Síðu | 1913 | 300 |
| Skólastræti 5, Reykjavík | 1856-1889 | 500 |
| Skólavörðustígur 35, Reykjavík | 1909 | 300 |
| Þingholtsstræti 29, Reykjavík | 1898 | 300 |
| Tjarnargata 18, Reykjavík | 1906 | 300 |
| TOTALT | | 31.100 |

FRÍÐAÐAR KIRKJUR

| | | |
|------------------------------------|------|-----|
| Áskirkja í Fellum, Fljótaldshéraði | 1898 | 300 |
|------------------------------------|------|-----|



Aðalstræti 10 í Reykjavík (1765)



Arnarstapi á Snæfellsnesi (1780)

| | | |
|--|-----------|--------------|
| Bænhúsið í Furufirði | 1899 | 200 |
| Bíldudalskirkja | 1906 | 1000 |
| Brjánslækjarkirkja | 1908 | 100 |
| Djúpavogskirkja | 1894 | 200 |
| Gaulverjabæjarkirkja | 1909 | 400 |
| Grundarkirkja í Eyjarfirði | 1904 | 250 |
| Gufudalskirkja í Reykhólasveit | 1908 | 200 |
| Hjaltastaðakirkja | 1881 | 200 |
| Hlíðarendakirkja í Fljótshlíð | 1897 | 300 |
| Húsavíkurkirkja | 1907 | 450 |
| Ingjaldshólskirkja á Snæfellsnesi | 1903 | 1.500 |
| Innri-Hólmskirkja | 1891-1892 | 1.000 |
| Kaldrananeskirkja á Ströndum | 1851 | 3.000 |
| Kálfatjarnarkirkja á Vatnsleysuströnd | 1892-1893 | 2.000 |
| Keldnakirkja á Rangárvöllum | 1875 | 800 |
| Ketukirkja á Skaga | 1895-1896 | 300 |
| Kirkjubólakirkja í Valþjófsdal | 1886 | 150 |
| Lögmanshlíðarkirkja | 1860 | 850 |
| Patrefsfjarðarkirkja | 1907 | 750 |
| Prestbakkakirkja á Síðu | 1859 | 400 |
| Reynistaðarkirkja í Skagafirði | 1868-1870 | 250 |
| Sæbólakirkja á Ingjaldssandi | 1924 | 150 |
| Sauðaneskirkja á Langanesi | 1888-1889 | 2.500 |
| Staðarkirkja í Aðalvík | 1904 | 200 |
| Staðarkirkja í Hrótafirði | 1886 | 400 |
| Svalbarðskirkja í Þistilfirði | 1848 | 350 |
| Þingeyraklausturskirkja | 1864-1877 | 850 |
| Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð | 1909-1911 | 4.000 |
| Útskálakirkja | 1861-1863 | 900 |
| Viðvíkurkirkja | 1886 | 600 |

| | | |
|--------------------|------|---------------|
| Vopnafjarðarkirkja | 1903 | 500 |
| | | 25.050 |

HÚS Á SAFNASVÆÐUM

| | | |
|---|-----------|--------------|
| Bryggjuhúsin á Seyðisfirði | 1882-1897 | 2.000 |
| Fundarhús Lónmanna, Hraunkoti | 1912-1929 | 100 |
| Faktorshús, Neðstakaupstað, Ísafirði | 1765 | 4.000 |
| Gamlabúð, Höfn í Hornafirði | 1864 | 200 |
| Geirastaðir, Görðum | 1903-1908 | 1.000 |
| Norska húsið, Stykkishólmi | 1832 | 250 |
| Sandar, Görðum | 1901 | 200 |
| Stúkuhús, Görðum | 1915-1916 | 2.000 |
| Pakkhúsið, Ólafsbraut 13, Ólafsvík | 1844 | 200 |
| | | 9.950 |

RANNSÓKNARVERKEFNI

| | | |
|------------------------------------|------|------------|
| Stöpull Páls biskups í Skálholti | | 200 |
| Kaup á safni Kristjáns Péturssonar | | 150 |
| Smiðshús, Minjasafni Reykjavíkur | 1823 | 200 |
| Steinsteyptir gluggar | | 150 |
| | | 700 |

HÚSAKANNANIR

| | | |
|------------------------------|--|--------------|
| Bæja- og húsakönnun í Flatey | | 750 |
| Húsakönnun í Hafnarfirði | | 500 |
| Húsakönnun í Skagafirði | | 500 |
| | | 1.750 |

ÖNNUR VERKEFNI; REYKJAVÍK

| | | |
|----------------|------|-----|
| Bankastræti 10 | 1902 | 200 |
|----------------|------|-----|



Dyngjuvegur 8 (1950-1952)

| | | |
|------------------------------------|-----------|-----|
| Bankastræti 5 | 1928-1930 | 500 |
| Bergstaðastræti 19 | 1897-1915 | 300 |
| Bergstaðastræti 45 | 1903 | 200 |
| Bókhlöðustígur 8 | 1898 | 200 |
| Bræðraborgarstígur 20 | 1905 | 150 |
| Fiskhjallur, Lambhóli við Starhaga | 1890 | 150 |
| Hverfisgata 68 A | 1905 | 100 |
| Ingólfsstræti 18 | 1901-1902 | 200 |
| Klapparstígur 11, Stóra-Klöpp | 1907 | 300 |
| Laufásvegur 48, Laufás | 1896 | 200 |
| Laugavegur 147 | 1926 | 75 |
| Laugavegur 17 | 1907-1908 | 200 |
| Lindargata 50 | 1903 | 300 |
| Lindargata 54 | 1905 | 200 |
| Miðstræti 8 B | 1903 | 200 |
| Njálsgata 13 B | 1908 | 200 |
| Nýlendugata 15 A | 1906 | 100 |
| Nýlendugata 18 | 1901 | 200 |
| Óðinsgata 8 B | 1909 | 200 |
| Ránargata 12 A | 1906 | 200 |
| Reynistaður við Skildinganes 15 | 1874-1923 | 200 |
| Skólabrú 1 | 1907 | 300 |
| Skólavörðustígur 12 | 1931-1945 | 100 |
| Spítalastígur 5 | 1901 | 300 |
| Þingholtsstræti 17 | 1882 | 200 |
| Þingholtsstræti 2-4 | 1884-1954 | 200 |
| Þingholtsstræti 26 | 1903 | 150 |
| Þingholtsstræti 7 | 1880 | 300 |
| Þórsgata 19 | 1922-1927 | 300 |
| Vatnsstígur 9 A | 1915 | 100 |



Gamla skemman á Hvanneyri (1896)


| | | |
|--------------------------------|-----------|--------------|
| Veltusund 3 B | 1891 | 400 |
| Verkamannabúst. við Hringbraut | 1931-1937 | 300 |
| | | 7.225 |

ÖNNUR VERKEFNI; REYKJANES

| | | |
|--|-----------|--------------|
| Brekkgata 11, Hafnarfirði | 1908 | 200 |
| Duushúsin, Duusgata 2-4, Keflavík | 1877 | 5.000 |
| Gamla skólahúsið, Norðurkot | 1903 | 1.000 |
| Kirkjuvegur 5, Hafnarfirði | 1923 | 300 |
| Nesvegur 121, Sæból, Seltjarnarnesi | 1929-1932 | 300 |
| Norðurbraut 25 B, Hafnarfirði | 1910 | 200 |
| Skjaldbreið, Kálfatjörn | 1850 | 1.000 |
| Skúlaskeið 4, Hafnarfirði | 1926-1928 | 100 |
| Skúlaskeið 42, Hafnarfirði | 1926 | 100 |
| Smyrlahraun 4, Hafnarfirði | 1925 | 100 |
| Vörðustígur 2, Hafnarfirði | 1916 | 300 |
| | | 8.600 |

ÖNNUR VERKEFNI; VESTURLAND

| | | |
|--|-----------|---------------|
| Ferjukot, Borgarhreppi | 1890-1905 | 50 |
| Galtarholt II, Borgarbyggð | 1895 | 250 |
| Hvítanes, Skilmannahreppi | 1879 | 3.000 |
| Hafnargata 9, Sæmundarpakkhús | 1899 | 300 |
| Mýrarholt 8, Kaldilækur, Ólafsvík | 1905 | 1.000 |
| Hansínuhús, Stykkishólmi | 1902 | 150 |
| Skemman á Hvanneyri | 1896 | 400 |
| Skólastígur 8, Stykkishólmi | 1885-1918 | 300 |
| Mjólkursamlagshúsið, Borgarnesi | 1936 | 3.000 |
| Verslunarhús í Englendingavík | 1885 | 4.000 |
| Víkurgata 4, Arnarbæli, Stykkishólmi | 1903 | 200 |
| | | 12.650 |




Upphæð styrkja eftir flokkum. Heimild: Husafriðunarnefnd 2007.

ÖNNUR VERKEFNI; VESTFIRÐIR

| | | |
|---|-----------|---------------|
| Skjaldborgarbíó, Patreksfirði | 1934 | 3.000 |
| Eyrardalsbærinn, Súðavíkurbreppi | 1890-1900 | 3.000 |
| Galtarviti í Keflavík, íbúðarhús | 1920 | 150 |
| Gamla Prestsseturshúsið, Brjánslæk | 1912 | 3.000 |
| Bærinn á Sveinseyri, Tálknafirði | 1880-1920 | 300 |
| Gamli barnaskólinn á Ísafirði | 1901-1906 | 3.000 |
| Hafnargata 41, Bolungarvík | 1902-1904 | 2.000 |
| Hafnargata 47, Bolungarvík | 1900 | 100 |
| Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson | 1898-1908 | 2.000 |
| Hákarlahjallar, Reyðarhlein | 1703-1865 | 1.000 |
| Hákarlahjallur í landi Asparvíkur | 17. öld | 1.000 |
| Íbúðarhúsið Botni, Arnarfirði | 1886-1935 | 150 |
| Mánagata 4, Herkatalinn á Ísafirði | 1928 | 150 |
| Miðstræti 3, Bolungarvík | 1900-1930 | 2.000 |
| Mjallargata 5, Ísafirði | 1856 | 350 |
| Pöntun, Bakki í Bjarnarfirði | 1898 | 100 |
| Smiðjan á Bildudal | 1894 | 2.000 |
| Staður í Reykhólasveit | 1850-1950 | 2.000 |
| Vatneyrarbúð á Patreksfirði | 1918 | 4.000 |
| Vélsmiðja Guðm. J. Sigurðssonar | 1913 | 5.000 |
| Verksmiðjubyggingar á Djúpvík | 1935 | 1.000 |
| | | 35.300 |

ÖNNUR VERKEFNI; NORDURLAND

| | | |
|---|-----------|--------------|
| Aðalgata 25, Ytrahús, Siglufirði | 1861-1905 | 150 |
| Aðalstræti 10, Berlín, Akureyri | 1902 | 100 |
| Árnes, Skagaströnd | 1899 | 200 |
| Austurvegur 14, Sævör, Hrísey | 1872-1879 | 100 |
| Brekkgata 2, Hvammstanga | 1910-1926 | 200 |
| Brekkgata 5, Akureyri | 1902 | 100 |
| Gamla íbúðarhúsið á Laxamýri | 1874 | 100 |
| Gamla íbúðarhúsið að Héðinshöfða | 1880 | 3.000 |
| Gamla veiðiheimplið á Laxamýri | 1874 | 50 |
| Gamla-Búð á Svalbarðseyri | 1901 | 250 |
| Hafnarstræti 94, Hamborg, Akureyri | 1909 | 1.800 |
| Hávegur 60, Hlíðarhús, Siglufirði | 1898-1924 | 150 |
| Hraunsrétt í Aðaldal | 1836-1838 | 1.000 |
| Hvanneyrarbraut 66, Siglufirði | 1907 | 150 |
| Íbúðarhúsið að Hjallalandi í Vatnsdal | 1881-1882 | 600 |
| Íbúðarhúsið að Saurum í Miðfirði | 1930 | 150 |
| Íbúðarhúsið Kolkuósi | 1903-1904 | 200 |
| Lækjargata 6, Akureyri | 1886 | 600 |
| Leikhúsið á Möðruvöllum í Hörgárdal | 1881 | 500 |
| Lindargata 13, Sauðárkróki | 1875 | 400 |
| Maðdömuhús, Siglufirði | 1884 | 5.000 |
| Ólafshús á Borðeyri | 1904-1924 | 200 |
| Stórigarður 6, Húsavík | 1908 | 350 |
| Stóruleugar II, Reykjadal | 1897 | 200 |



Upphæð styrkja eftir árum (stólparit). Upphæð styrkja leiðrétt með vísitölu neysluverðs (línurit). Heimild: Húsfriðunarnefnd 2007/Hagstofa Íslands 2007.

| | | |
|---------------------------|-----------|-----|
| Sýslumannshúsið að Kornsó | 1879-1881 | 200 |
| Wathnehús, Akureyri | 1895 | 200 |

15.950

ÖNNUR VERKEFNI; AUSTURLAND

| | | |
|--|-----------|--------------|
| Austurvegur 17 B, Seyðisfirði | 1890-1920 | 400 |
| Austurvegur 42, Skaftfell, Seyðisfirði | 1907 | 300 |
| Bjölfsgata 8, Gíslahús, Seyðisfirði | 1907 | 200 |
| Templarinn, Fáskrúðsfirði | 1900 | 150 |
| Fjörður 1, Seyðisfirði | 1906 | 100 |
| Gamla kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík | 1906 | 4.000 |
| Hafnargata 42, Garður, Seyðisfirði | 1921 | 350 |
| Figvedshús, Eskifirði | 1914-1917 | 350 |
| Hótel Framtíð á Djúpavogi | 1905-1906 | 3.000 |
| Íbúðarhúsið í Berufirði | 1925-1939 | 200 |
| Kaupangur, Vopnafirði | 1884 | 1.000 |
| Hótel Aldan, Seyðisfirði | 1920 | 400 |
| Rangá 1, Hróarstungu í N-Héraði | 1905-1907 | 100 |
| Strandgata 95, Eskifirði | 1917-1918 | 150 |
| Piljuvellir 11, Þórsmörk, Neskaupsstað | 1912 | 300 |
| Vélsmiðja Seyðisfj. Hafnarg. 36-38 | 1907 | 250 |
| Vestara símahús og nyrðra símahús | 1906 | 1.000 |
| Kiddýjarhús, Seyðisfirði | 1903 | 250 |
| Vesturvegur 5, Björgvin, Seyðisfirði | 1878 | 100 |

12.600

ÖNNUR VERKEFNI; SUÐURLAND

| | | |
|---|-----------|--------------|
| Ás III, Ásahreppi, Rangárvallasýslu | 1900 | 150 |
| Austur-Meðalholt, Flóa, Árnessýslu | 1895 | 150 |
| Austurvegur 11 C, Hjalli, Vík | 1908 | 100 |
| Eyrargata 8 B, Nýbær á Eyrarbakka | 1905 | 400 |
| Gamla fjósið á Giljum í Mýrdal | 19.öld | 150 |
| Gamla Þingborg í Hraungerðishreppi | 1927-1934 | 500 |
| Gosminjar í Vestmannaeyjum | 1973 | 5.000 |
| Kaupfélagshúsið, Höfn í Hornafirði | 1897 | 200 |
| Halldórsverslun, Vík | 1903 | 300 |
| Keldnakot, Stokkseyrarhreppi í Flóa | 1930-1940 | 200 |
| Hellar í Rangárþingi ytra, Hellu | 1912-1913 | 1.000 |
| Minningarkap. Kirkjubæjarklaustri | 1969-1974 | 1.000 |
| Rjórnabúíð á Baugsstöðum | | 200 |
| Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi | 1954-1956 | 1.000 |
| Skemma á Hnausum í Meðallandi | 19.öld | 150 |
| Skemman á Litlu-Háeyri, Eyrarbakka | 19.öld | 200 |
| Sólheimahjáleiga, fjárhús og hlaða | 19.öld | 100 |
| Tannastaðir í Ölfusi | 1920-1939 | 300 |
| Tryggvaskáli, Selfossi | 1890-1934 | 3.000 |
| Víkurbraut 16, Grenihlíð, Vík | 1907 | 175 |
| Víkurbraut 28, Brydebúð, Vík | 1831-1895 | 2.000 |

16.275

Heimasíða Húsafriðunarnefndar: husafriðun.is

Ritröð Húsafriðunarnefndar um varðveislu,
viðgerðir og endurbætur gamla húsa

Í ritröðinni eru eru útkomin 6 hefti:

1. hefti: **Trégruggar** 1996
2. hefti: **Bæja- og húsakannanir** 1997
3. hefti: **Útveggir, grind og klæðning** 1998
4. hefti: **Skrá yfir friðuð hús** 2000
5. hefti: **Uppmæling húsa** 2003
6. hefti: **Steining** 2003

Kirkjur Íslands

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur
á Íslandi frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og
þjóðminjavörslu

Rit 1: Hrepphólakirkja, Hrunakirkja og Tungufellskirkja.

Rit 2: Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra-
Núpskirkja og Villingaholtskirkja

Rit 3: Bræðratungukirkja, Búrfellskirkja, Miðdalskirkja,
Mosfellskirkja og Torfastaðakirkja

Rit 4: Eyrarbyggjakirkja, Gaulverjabæjarkirkja,
Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja,
Úlfjótswatnskirkja og Þingvallakirkja

Rit 5: Goðdalakirkja, Hvammskirkja, Ketukirkja,
Reykjakirkja, Reynistaðarkirkja, Sauðárkróskirkja,
Sjávarborgarkirkja og Víðimýrarkirkja

Rit 6: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja,
Horsstaðakirkja, Viðvíkurkirkja.

Rit 7: Auðkúlukirkja, Bergstaðakirkja, Blönduóskrikja,
Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðarkirkja,
Svínavatnskirkja, Undirfellskirkja og Þingeyrakirkja

Rit 8: Árneskirkja, Kaldrananeskirkja,
Kollafjarðarneskirkja, Staðarkirkja, Breiðabólstaðarkirkja,
Kirkjuhvammskirkja, Staðarbakkakirkja, Staðarkirkja,
Vesturhópshólakirkja og Víðidalstungukirkja

Útsölastaðir: IÐNÚ og bókaverslanir